

REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008 frá 12. febrúar 2008, um breytingu og leiðréttingu á VI. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2009, frá 28. maí 2009, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerð Evrópusambandsins skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008, breytast ákvæði VI. viðauka reglugerðar nr. 74/2002 á eftirfarandi hátt:

A) Í stað fjórðu málsgreinar undir fyrirsögninni „ALMENNAR MEGINREGLUR“ komi eftirfarandi:

Endurskoða skal notkun eftirfarandi efna fyrir 31. desember 2010:

- Natríumnítrítis og kalíumnítrats í undirþætti A.1 með það í huga að afturkalla þessi aukaefni.
- Brennisteinsdíoxíðs og kalíum metabísúlfíts í undirþætti A.1.
- Saltsýru í B-þætti vegna vinnslu á Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostum, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas.

Endurskoðunin, sem um getur í fyrsta undirlið, skal taka mið af viðleitni aðildarríkjanna til að finna aðra örugga kosti en nítrít/nítröt og koma á fót viðeigandi fræðslumiðlun um aðrar vinnsluáferðir og hreinlætisráðstafanir fyrir lífræna kjötvinnsluaðila/framleiðendur.“

B) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-þætti:

1) Í stað færslunnar fyrir E 160b í undirþætti A.1 komi eftirfarandi:

Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
E 160b	Annattó, bixín, norbixín		X	Red Leicester-ostur Double Gloucester-ostur Cheddar Mimolette-ostur

2) Í stað færslunnar fyrir E 500 í undirþætti A.1 komi eftirfarandi:

Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
E 500	Natríumkarbónat	X	X	„Dulce de leche“ (*), smjör úr sýrðum rjóma og súrmjólkurostur (†) (*), „Dulce de leche“ eða „Confiture de lait“ er mjúkur, gómsætur, brúnn rjómi gerður úr mjólk sem hefur verið þykkt og sykurbætt

(†) Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

C) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-þætti:

1) Í stað færslunnar fyrir „sítrónusýru“ komi eftirfarandi færslur:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Mjólkursýra		X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru bafaðir upp úr í framleiðsluferlinu ⁽¹⁾
Sítrónusýra	X	X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru bafaðir upp úr í framleiðsluferlinu ⁽¹⁾ Oliuframleiðsla og vatnsrof sterkju ⁽²⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

2) Í stað færslunnar fyrir „brennisteinssýru“ komi eftirfarandi færslur:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Brennisteinssýra	X	X	Gelátín framleiðsla ⁽¹⁾ Sykurframleiðsla ⁽²⁾
Saltsýra		X	Gelátín framleiðsla Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostar, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas eru bafaðir upp úr í framleiðsluferlinu
Ammoníumhýdroxíð		X	Gelátín framleiðsla
Vetnisperoxíð		X	Gelátín framleiðsla

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

3) Í stað færslanna fyrir „talk“, „bentónín“ og „kaólín“ komi eftirfarandi:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Talk	X		Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 553b
Bentónít	X	X	Tærunarefni fyrir mjöð ⁽¹⁾ Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 558
Kaólín	X	X	Býþéttir ⁽¹⁾ Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 559

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

4) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir „kaólín“:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Sellulósi	X	X	Gelátín framleiðsla ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

5) Í stað færslanna fyrir „kísilgúr“ og „perlusteinn“ komi eftirfarandi:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Kísilgúr	X	X	Gelatín framleiðsla ⁽¹⁾
Perlusteinn	X	X	Gelatín framleiðsla ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

6) Í stað færslunnar fyrir „Örverublöndur og ensím“ komi eftirfarandi:

„Örverublöndur og ensím:

Örverublöndur og ensím sem að öllu jöfnu eru notuð sem hjálparefni við matvælaframleiðslu, að undanskildum erfðabreyttum örverum og að undanskildum ensímum unnum úr erfðabreyttum örverum í skilningi tilskipunar 2001/18/EB.“

4. gr.

Með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 354/2008 fellur eftirfarandi á brott úr reglugerð nr. 74/2002:

- a. Viðauki X.
- b. Tilvísanir til eftirfarandi gerða í 17. gr. falla brott: 94/92/EBE, 314/97/EB, 1367/98/EB, 548/2000/EB, 1566/2000/EB, 1616/2000/EB, 2426/2000/EB, 349/2001/EB, 2589/2001/EB.
- c. Tilvísanir til eftirfarandi gerða í 8. gr. reglugerðar nr. 582/2003 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002, falla brott: 1162/2002/EB, 2382/2002/EB og 545/2003/EB.
- d. Efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2144/2003 sem innleidd var með reglugerð nr. 980/2005 um (3.) breytingu á reglugerð 74/2002.
- e. Efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 956/2006 sem innleidd var með reglugerð nr. 824/2008 um (7.) breytingu á reglugerð 74/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. mars 2010.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 123/2008**

frá 12. febrúar 2008

um breytingu og leiðréttingu á VI. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 skal semja takmarkandi skrár yfir efni og afurðir, sem um getur í c- og d-lið 3. mgr. í þeirri grein, í A- og B-þætti VI. viðauka við þá reglugerð. Heimilt er að tilgreina skilyrði fyrir notkun þessara innihaldsefna og efna.
- 2) Með reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 780/2006 frá 24. maí 2006 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾ voru skrárnar látnar ná yfir efni sem eru notuð við vinnslu afurða sem ætlaðar eru til manneldis og í eru innihaldsefni úr dýrarkínu, og auk þess átti að endurskoða aukefnin natriumnítrít og kalíumnítrat, eigi síðar en 31. desember 2007, í því skyni að takmarka eða afturkalla notkun þeirra. Nefnd óháðra sérfræðinga (hér á eftir kölluð sérfræðinganefndin) mælir með því í niðurstöðum sínum frá 5. júlí 2007 ⁽³⁾ að notkun natriumnítríts og kalíumnítríts í lífrænum kjötvörum verði bönnuð innan sanngjarnra tímamarka. Sérfræðinganefndin mælir einnig með að gerðar verði sérstakar varúðarráðstafanir ef þessi efni verða afturkölluð. Þess vegna skal leyfa natriumnítrít og kalíumnítrít til 31. desember 2010 til að unnt verði að meta afleiðingar af banni við þeim. Við matið skal taka tillit til þess að hve miklu leyti aðildarríkin hafa fundið aðra örugga kosti í stað nítríta eða nítrata og hversu vel ágeengt þeim hefur orðið við að koma á laggirnar fræðsluáætlunum um annars konar vinnslu.
- 3) Frá 1. desember 2007 er leyfilegt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 780/2006 að nota brennisteinsdíoxíð og kalíummetabísúlfít við vinnslu ávaxtavína sem eru unnin úr öðrum ávöxtum en vínbjörum og eins við vinnslu eplavíns, peruvíns og mjaðar. Samkvæmt framangreindri sérfræðinganefnd skulu þau leyfð þar til önnur efnasambönd eða tækni getur komið í staðinn. Framkvæmdastjórnin leggur til að þessum ráðleggingum verði fylgt. Þar eð þess er vænst að ný rannsóknargögn verði lögð fram er rétt að endurskoða notkun á brennisteinstvíoxíði og kalíummetabísúlfíti fyrir 31. desember 2010.
- 4) Til að tryggja að tiltekin hjálparefni við vinnslu matvæla í skránni (talk, bentónít og kaólín) innihaldi engin efni sem ekki hafa verið leyfð hefur sérfræðinganefndin lagt til að þau skuli aðeins notuð ef þau standast hreinleikastaðlana sem tilgreindir eru í lögum Bandalagsins fyrir þessi aukefni í matvælum.
- 5) Við framleiðslu á súrmjólkurosti er E 500 natriumkarbónati bætt út í gerilsneydda mjólkina til þess að jafna súruinnihald af völdum mjólkursýrunnar og ná fram ákjósanlegu pH gildi og skapa þannig nauðsynleg vaxtarskilyrði fyrir ræktanir í þroskun. Samkvæmt sérfræðinganefndinni ætti þess vegna að leyfa notkun á natriumkarbónati við framleiðslu á lífrænum súrmjólkurosti. Framkvæmdastjórnin leggur til að þessum ráðleggingum verði fylgt.
- 6) Til þess að hægt verði, eftir tiltekinn tíma, að leysa af hólmi notkun á gelatíni sem framleitt hefur verið úr dýraleðri eða beinum, sem ekki eru framleidd á lífrænan hátt með gelatíni úr lífrænt ræktuðu svinaleðri, sem innihaldsefni í lífrænni framleiðslu þarf, að mati sérfræðinganefndarinnar, að bæta við listann fjölda vinnsluhjálparefna. Framkvæmdastjórnin leggur til að þessum ráðleggingum verði fylgt.
- 7) Saltsýra virðist nauðsynlegt hjálparefni við vinnslu á tilteknum föstum ostum (Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostar, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas) til þess að unnt sé að stjórna sýrustigi á saltleginum sem ostarnir eru baddaðir upp úr, án þess að valda aukabragði. Hins vegar ætti að endurskoða notkun saltsýru við framleiðslu á þessum sérstöku föstu ostum fyrir 31. desember 2010.
- 8) Notkun á aukaefninu E 160b (annató, bixín og norbixín), við framleiðslu á „Scottish Cheddar“, er leyfileg skv. VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 780/2006. Þar eð þetta er ekki almennt heiti á lituðum Cheddar, skal breyta færslunni í VI. viðauka, þannig að hún nái yfir alla Cheddar-osta. Notkun annató, bixín, norbixín, E 160b skal því leyfð í alla Cheddar-osta.

⁽¹⁾ Stjtið. EBE L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1517/2007 (Stjtið. EB L 335, 20.12.2007, bls. 13).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 137, 25.5.2006, bls. 9.

⁽³⁾ Niðurstöður hóps óháðra sérfræðinga um „aukefni í matvælum og hjálparefni við vinnslu sem eru leyfð við vinnslu lífrænt framleiddra matvæla úr jurta- og dýrarkínu“. <http://ec.europa.eu/agriculture/qual/organic/foodadd/expert/05072007.pdf>.

- 9) Færslan „Örverublöndur og ensím“ í B-þætti VI. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 780/2006, var fyrir mistök sett í neðanmálgreinina. Bæta skal færslunni við sem sérstakri færslu með venjulegri leturgerð. Því ber að leiðrétta VI. viðauka samkvæmt því, en leiðréttingin tekur gildi frá og með þeim degi sem reglugerð (EB) nr. 780/2006 kemur til framkvæmda.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sett var á fót skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. febrúar 2008.

Þó gildir f-liður 3. liðar viðaukans frá 1. desember 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

- 1) Í stað fjórðu málsgreinar undir fyrirsögninni „MEGINREGLUR ALMENNIS EÐLIS“ komi eftirfarandi:

„Endurskoða skal notkun eftirfarandi efna fyrir 31. desember 2010:

- Natriumnítráts og kalíumnítráts í undirþætti A.1 með það í huga að afturkalla þessi aukaefni.
- Brennisteinsdíoxíðs og kalíum metabisúlfíts í undirþætti A.1.
- Saltsýru í B-þætti vegna vinnslu á Gouda-, Edam- og Maasdammer-ostum, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas.

Endurskoðunin, sem um getur í fyrsta undirlið, skal taka mið af viðleitni aðildarríkjanna til að finna aðra örugga kosti en nítrít/nítröt og koma á fót viðeigandi fræðslumiðlun um aðrar vinnsluáðferðir og hreinlætisráðstafanir fyrir lífræna kjötvinnsluáðila/frameiðendur.“

- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-þætti:

- a) Í stað færslunnar fyrir E 160b í undirþætti A.1 komi eftirfarandi:

Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„E 160b	Annattó, bixín, norbixín		X	Red Leicester-ostur Double Gloucester-ostur Cheddar Mimolette-ostur“

- b) Í stað færslunnar fyrir E 500 í undirþætti A.1 komi eftirfarandi:

Kóði	Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„E 500	Natríumkarbónat	X	X	„Dulce de leche“ (*), smjör úr sýrðum rjóma og súrmjólkurostur ⁽¹⁾ (* „Dulce de leche“ eða „Confiture de lait“ er mjúkur, gómsætur, brúnn rjómi gerður úr mjólk sem hefur verið þykkt og sykurbætt

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.“

- 3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-þætti:

- a) Í stað færslunnar fyrir „sitrónusýru“ komi eftirfarandi færslur:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„Mjólkursýra		X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru baðaðir upp úr í framleiðsluferlinu ⁽¹⁾

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
Sítrónusýra	X	X	Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem ostarnir eru bakaðir upp úr í framleiðsluferlinu ⁽¹⁾ Oliuframleiðsla og vatnsrof sterkju ⁽²⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.“

b) Í stað færslunnar fyrir „brennisteinssýru“ komi eftirfarandi færslur:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„Brennisteinssýra	X	X	Gelátín framleiðsla ⁽¹⁾ Sykurframleiðsla ⁽²⁾
Saltsýra		X	Gelátín framleiðsla Til að stjórna sýrustiginu á saltleginum sem Gouda, Edam og Maasdammer ostar, Boerenkaas, Friese og Leidse Nagelkaas eru bakaðir upp úr í framleiðsluferlinu.
Ammoníumhýdroxíð		X	Gelátín framleiðsla
Vetnisperoxíð		X	Gelátín framleiðsla

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.“

c) Í stað færslanna fyrir „talk“, „bentónín“ og „kaólín“ komi eftirfarandi:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„Talk	X		Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 553b
Bentónít	X	X	Tærunarefni fyrir mjóð ⁽¹⁾ Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 558
Kaólín	X	X	Býþéttir ⁽¹⁾ Í samræmi við sérstök hreinleikaskilyrði fyrir aukefnið E 559“

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

⁽²⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.“

d) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir „kaólín“:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„Sellulósi	X	X	Gelátín framleiðsla ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.“

- e) Í stað færslanna fyrir „kísilgúr“ og „perlustein“ komi eftirfarandi:

Heiti	Vinnsla matvæla úr jurtaríkinu	Vinnsla matvæla úr dýraríkinu	Sérstök skilyrði
„Kísilgúr	X	X	Gelatin framleiðsla ⁽¹⁾
Perlustein	X	X	Gelatin framleiðsla ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Takmörkunin varðar eingöngu dýraafurðir.

- f) Í stað færslunnar fyrir „Örverublöndur og ensím“ komi eftirfarandi:

„Örverublöndur og ensím:

Örverublöndur og ensím sem að öllu jöfnu eru notuð sem hjálparefni við matvælaframleiðslu, að undanskildum erfðabreyttum örverum og að undanskildum ensímum unnum úr erfðabreyttum örverum í skilningi tilskipunar 2001/18/EB ().“

B-deild – Útgáfud. 23. mars 2010